

Sýningar

Ásmundarsafn

Þar stendur yfir sýning á verkum eftir Ásmund Sveinsson og Kristín E. Hrafnsson sem ber yfirskriftina „Hér getur allt gerst“. Sýningin er opin alla daga kl. 10-4 og mun standa til áramóta.

Café Milanó

Faxafeni 11

Á morgun opnar myndlistarkonan Hildur Waltersdóttir myndlistarsýningu á nýjum verkum. Þema sýningarinnar er Afríka. Verkin eru að mestu unnin í olíu á striga en einnig eru verk unnin með kol á pappír. Sýningin er opin kl. 9-19 mánudaga, 9-23.30 þriðjud., miðvikud. og fimmtud., kl. 9-1 föstud. og laugard. og kl. 9-23.30 sunnud.

Eden

Hveragerði

Sigurður Jónsson frá Einarstöðum sýnir málverk unnin í olíu og akrýl sem hann hefur málað síðustu ár. Um er að ræða marg kyns verk, t.d. landslagsmyndir, portrettmyndir og götumyndir. Allar myndirnar eru til sölu. Sýningin stendur til 31. október.

Gallerí Álafoss

Mosfellabæ

Í gamla Álafoss-húsinu stendur yfir málverka-sýning Tolla. Sýningin mun standa til 29. október og er opin kl. 13-18.

Gallerí Art-Hún

Stangarhlíð 7, Rvík

Þar stendur yfir sýning á verkum Erlu Axelsdóttur, Helgu Arnansdóttur, Elinborgar Guðmundsdóttur, Sigrúnar Gunnarsdóttur og Margrétar Salome. Galleríð er opið alla virka daga kl. 12-18.

Gallerí Borg

Síðasta sýningarhelgi á verkum Gunnars Arnar en sýningunni lýkur sunnudaginn 30. október. Gunnar Örn sýnir olíumálverk, höggmyndir og verk unnin á pappír. Verkin eru öll til sölu. Sýningin er opin virka daga kl. 12-18 og 14-18 um helgar.

Gallerí einn einn

Skólavörðustíg 4a

Á morgun kl. 16 opnar Ásgeir Lárusson myndlistarsýningu. Á sýningunni verða sýndar innsetningar. Sýningin er opin daglega kl. 14-18.

Gallerí Fold

Laugavegi 118d

Þar stendur yfir málverka-sýning Hrings Jóhannessonar. Á sýningunni eru sýndar 25 pastelmyndir. Opið daglega kl. 10-18 nema sunnudaga kl. 14-18.

Gallerí Greip

Hverfisgötu 62

Þar stendur yfir myndlistarsýning Bjarna Hinrikssonar. Sýningin ber yfirskriftina Mynda-sögur og maurakallar. Til sýnis er myndasagan Vafamál og nokkrar yngri og eldri maurakalla-teikningar. Sýningin stendur til 9. nóvember og er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18.

Gallerí List

Skípholti 50b

Galleríð er opið alla daga kl. 11-18 nema laugardaga frá kl. 11-14. Sýningar í gluggum á hverju kvöldi

Gallerí Regnbogans

Þar stendur yfir sýning á málverkum Egils Eðvarðssonar. Egill sýnir olíumálverk úr myndröðinni Árstiðirnar. Galleríð er ávallt opið þegar kvikmyndasýningar standa yfir.

Gallerí Úmbrá

Amtmannastíg 1

Þar stendur yfir sýning Höskuldur Harrýs Gylfasonar á dúkrustum. Sýningin stendur til 16. nóvember. Galleríð er opið þriðjud.-laugard. kl. 13-18 og sunnud. kl. 14-18. Lokað mánudaga.

Gallerí Sólón Íslandus

Í dag, föstudaginn 28. okt., er síðasti sýningardagur á olíuverkum Önnu Jóhannsdóttur. Galleríð er opið alla daga frá kl. 11-18.

Gallerí Sævars Karls

Bankastræti 9

Sýning Lindar Völundardóttur á uppistandandi myndverki er framlengd um viku og stendur til 4. nóvember. Sýningin er opin á verslunartímum á virkum dögum kl. 10-18.

Geysishúsið

Á horni Aðalstrætis og Vesturgötu

Þar stendur yfir sýningin „Handverk og iðnmennt“. Sjó félög og stofnanir iðnaðarmanna, sem eiga stórafmæli á þessu ári, halda sameiginlega sögusýningu og starfskynningu í tilefni þessara tímamóta. Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 9-18 og um helgar frá kl. 11-16.

Götugrillið

Borgarkringlunni

Þar stendur yfir sýning Þórarins Blöndals í Amerikumann í París. Á sýningunni eru 4 verk, unnin í olíu á pappír. Verkin eru hugleiðing um vatn, stíflur, vatnsleiðslur, rör, fossa o.fl. Sýningin er sölusýning og stendur til 10. nóvember.

Hafnarborg

Strandgötu 34

Síðasta sýningarhelgi á verkum Gísla Sigurðssonar. Á sýningunni eru 30 verk unnin með blandaðri tækni, en yfirskrift sýningarinnar er „Tíminn og hverfuleikinn“. Í Sverrisal stendur yfir sýning Sæmundar Valdimarssonar sem ber yfirskriftina Skógarmenn. Á sýningunni eru 32 verk unnin í rekavið. Síðasta sýningarhelgi en sýningunni lýkur mánudaginn 31. okt. Sýningarstíll er opin kl. 12-18 alla daga nema þriðjudaga. Kaffistofan er opin kl. 11-18 virka daga og 12-18 um helgar.

Kaffibarin Ari í Ögri

Ingólfstræti

Þar stendur nú yfir sýning Carls-Heinz Opolony á vatnslitamyndum. Myndirnar verða til sýnis næstu vikur og eru til sölu.

Listahúsið Þingi


Hólabraut 13, Akureyri

Síðasta sýningarhelgi á verkum Birgis Snæbjarnar Birgissonar. Á sýningunni eru málverk auk bóckvera. Sýningin er opin daglega kl. 14-18.

Listgallerí

Listhúsinu í Laugardal

Þar stendur yfir útgáfusýning bókarinnar Læknabókin, heilsugæsla heimilanna. Listgalleríð er opið 10-18 virka daga og 10-16 á laugardögum.



Ásgerður sýnir verk frá 1974 til dagsins í dag.

Listasafn Íslands:

Verk frá mismunandi tíma

– segir Ásgerður Búadóttir

„Ég er með þrettán verk á þessari sýningu og þau eru frá mismunandi tíma. Elsta verkið er frá 1974 en það nýjasta er frá þessu ári. Það er Listasafn Íslands sem býður mér að sýna en ég veit nú ekki hvort ég get sagt að þetta sé brot af því besta. Þetta eru frekar svona stærri verk mín og það mætti segja að þau væru valin,“

segir Ásgerður Búadóttir en á morgun verður opnuð í Listasafni Íslands sýning á úrvali verka hennar.

Ásgerður nam myndlist við Handíða- og myndlistarskólann í Reykjavík í tíð Kurt Zier og við Listaháskólann í Kaupmannahöfn 1946-49. Næstu árin leitaði hún fyrir sér á ýmsum sviðum myndlistar, m.a. í

grafík en haustið 1949 keypti hún sér lítinn vefstól til að hafa með sér til Íslands.

Ásgerður hlaut gullverðlaun fyrir verk sín á alþjóðlegri listiðnaðarsýningu í München 1956.

Sýningin er opin daglega frá kl. 12-18 nema mánudaga.

Tvær sýningar Ásgeirs Lárussonar

Ásgeir Lárusson opnar tvær myndlistarsýningar á morgun. Í Listmunahúsi Ófeigs á Skólavörðustíg 5 en þar eru sýnd olíuverk og í Gallerí 11, við sömu götu, en þar sýnir Ásgeir innsetningar.

Ásgeir hefur haldið á annan tug einkasýninga og tekið þátt í mörgum samsýningum. Samhliða sýningunum gefur hann út ljóðahefti.




Hildur við eitt verka sinna.

Hildur Waltersdóttir í Café Milanó

Á morgun opnar myndlistarkonan Hildur Waltersdóttir sýningu á nýjum verkum í Café Milanó í Faxafeni 11.

Hildur útskrifaðist með BFA-gráðu frá Rockford College í Illinois í Bandaríkjunum fyrr á þessu ári. Hún hefur tekið þátt í fimm samsýningum þar vestra en þetta er fyrsta einkasýning Hildar hérlandis.

Þema sýningarinnar er Afríka en listakonan sækir myndefni sitt til Kenía þar sem hún bjó um tíma. Verkin eru að mestu unnin í olíu á striga en einnig eru verk unnin með kol á pappír.




Sýning á verkum Þórarins Blöndal stendur nú yfir í Götugrillinu í Borgarkringlunni. Listamaðurinn sýnir þar fjögur verk unnin í olíu. Sýningunni lýkur 10. nóvember.

Olíu-mál-verk og högg-myndir

Sýningu Gunnars Arnar í Gallerí Borg við Austurvöll lýkur á sunnudaginn. Hann hélt sína fyrstu sýningu 1970 og hefur síðan haldið um þrjátíu einkasýningar hér á landi og einnig sýnt í Kaupmannahöfn, New York og Hollandi.

Gunnar Örn hefur tekið þátt í fjölda samsýninga. M.a. í London, París, New York, Chicago, Sao Paulo, Tokyo og á Norðurlöndum. Þá var hann fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Fenevjun 1988.

Verkin, olíumálverk, höggmyndir og verk unnin á pappír, eru öll unnin á síðustu tveimur árum.



Myndverkin eru úr handgerðum pappír og ljósmyndum.

Pappírs mynd- verk í Stöðlakoti

Þorgerður Hlöðversdóttir opnar sýningu á pappírsmýndverkum í Stöðlakoti við Bókhöfðustíg á morgun.

Þorgerður útskrifaðist úr textíldéild Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1990. Fram til þessa hefur hún aðallega unnið í taubrykk en að þessu sinni sýnir hún myndverk úr handgerðum pappír og ljósmyndum.

Þetta er fyrsta einkasýning Þorgerðar en sýningunni lýkur 13. nóvember.

Sýningar

Listasafn Akureyrar

Síðasta sýningarhelgi á sýningu Sigurðar Arna Sigurðssonar í Listasafninu á Akureyri en sýningin stendur til 2. nóvember. Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 14-18.

Listasafn ASI

Grensásvegi

Þar stendur yfir málverka-sýning Hrings Jóhannessonar. Þar eru sýnd 30 olíumálverk. Sýningin er opin daglega kl. 14-19, lokað miðvikudaga. Síðasti sýningardagur er 6. nóvember.

Listasafn Einars Jónssonar

Njarðargötu, sími 13797

Opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30-16. Lokað í desember og janúar. Höggmyndagöruirinn er opin allan daginn. Inngangur frá Freyjugötu.

Listasafn Íslands

Á morgun kl. 15 verður opnuð sýning á úrvali verka Ásgerðar Búadóttur. Sýningin er önnur í röð nýrrar sýningaráðar um starfandi íslenska listamenn. Í verkum sínum túlkar Ásgerður kenndir sínar til landsins með svipudum hætti og frumherjarnir í íslenskrí list og notar eiginleika miðilsins til hins ýrasta. Sýningin verður opin daglega nema mánudaga frá kl. 12-18. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma. Hægt er að panta leiðsögn um sýninguna fyrir hópa í síma 91-621000.

Listasafn Kópavogs –

Gerðarsafn

Hamraborg 4, Kópavogi, sími 44501

Þar stendur yfir sýning Ragnhildar Stefánsdóttur á skúlptúrum. Sýningin er opin alla daga kl. 12-18 nema mánudaga og henni lýkur sunnudaginn 6. nóvember. Kaffistofan er opin á sama tíma.

Listasafn Sigurjóns

Ólafssonar

Laugarnestanga 70

Íslandsmerki og súlur Sigurjóns Ólafssonar heitir sýningin sem nú stendur yfir. Hér er um að ræða hátíðarsýningu í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins. Sýningin mun standa til áramóta. Safnið er opið laugard.-sunnud. kl. 14-17.

Listasafn Háskóla Íslands

Í Odda, sími 26806

Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opið er daglega kl. 14-18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listmunahús Ófeigs

Skólavörðustíg 5

Á morgun kl. 15 opnar Ásgeir Lárusson myndlistarsýningu. Sýnd verða olíuverk. Sýningin er opin frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga, lokað á sunnudögum.

Menningararmiðstöðin

Gerðuberg

Gerðubergi 3-5, Reykjavík

Þar stendur yfir myndlistarsýning Ólafa Nordal. Á sýningunni, sem ber nafnið Sjálfsmyndir, eru skúlptúrar og teikningar. Sýningin er opin kl. 10-21 mánudaga-fimmtudaga og kl. 13-17 föstudaga-sunnudaga. Sýningunni lýkur 6. nóvember. Þar stendur einnig yfir yfirlitssýning sem ber yfirskriftina Íslenska einsöngslagið. Á sunnud. í okt. og nóv. verða íslenska einsöngslaginu gerð skil með fyrirlesturum, ljóðasöng og ljóðfæraraleik. Sýningin stendur til 1. desember.

Menningarstofnun

Bandaríkjanna

Laugavegi 26

Ástríður H. Andersen sýnir málverk í sýningar-sal Menningarstofnunar Bandaríkjanna. Sýningin er opin frá kl. 13-17 daglega og stendur til 5. nóvember.

Mokkakaffi

v/Skólavörðustíg

Þar stendur yfir sýning á verkum Jenny Holzer en hún er einn af virtustu listamönnum samtímans. Hluti sá sem er til sýnis á Mokka samanstandur af 14 ljósmyndum af skinni og á það hefur Jenny Holzer handritað texta en texti hefur verið aðalviðfangsefni hennar til þessa. Sýningin nefnist Lostamorð og fjallar um nauðganir á konum í Bosnía. Sýningin stendur yfir út október. Opið er kl. 9.30-23.30 alla daga nema sunnudaga kl. 14-23.30.

Nesstofusafn

Neströð, Seltjarnarnesi

Sérstafn á sviði lækninga. Í safninu eru sýndar minjar sem tengjast sögu heilbrigðismála á Íslandi frá miðri 18. öld og fram til okkar daga. Á tímabilinu 15. september 1994 til 14. maí 1995 verður ekki opið á neinum tilteknum tíma en safnið einungis opið samkvæmt umtali. Er þeim sem hafa áhuga á að skoða safnið bent á að hafa samband við skrifstofu þess í síma 611016.

Nýlistasafnið

v/Vatnsstíg 3b

Sunnudaginn 30. október lýkur fjórum sýningum. Sýndur eru: Gerður Leifsdóttir, Hreinn Friðfinnsson, Ingileif Thorlacius, Niels Hafstein og Haraldur Nielsson. Gerður Leifsdóttir sýnir í Setustofu ljósmyndir og verk úr krossviði. Hreinn Friðfinnsson sýnir 1 verk, glerhillur með álmum fornum úr silfurpappír sem varpa frá sér ljósi og skuggum. Ingileif Thorlacius sýnir 5 skúlptúra úr fatnaði og ýmsum búðahöldum. Niels Hafstein og Haraldur Nielsson sýna verk sem unnin eru undir áhrifum stríðsleikja, 10 metra langan út-saumaðan refil og samhangandi teikningar. Sýningarar eru opnar daglega kl. 14-18.

Norræna húsið

Þar stendur yfir sýning á vefjarlist eftir dönsku listakonu Ruth Malinowski. Á sýningunni eru veggteppi sem listakonan hefur unnið á þessu og síðastliðnu ári. Sýningin er opin daglega kl. 14-19 og henni lýkur 6. nóvember.

Leiðin til lýðveldis

Viðamikil samsýning Þjóðminjasafns og Þjóðskjalasafns á munum, ljósmyndum, skjöllum, búningum, vaxmyndum og mörgu öðru, sem tengist sögu sjálfstæðisbaráttunnar frá dögum Fjölnismanna 1830 til lýðveldishátíðar 1944, er í Aðalstræti 6 – gamla Morgunblaðshúsinu. Sýningin mun standa til 1. desember. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17. Sýningar-salur Þjóðminjasafnsins v/Suðurgötu verður lokaður til 1. október.

Póst- og símaminjasafnið

Austurgötu 11, Hafnarfirði, sími 54321

Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18.